

**Rammasamningur**  
**milli**  
**STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar)**  
**og**  
**Þjóðleikhússins hinsvegar**

**um frumsamda tónlist fyrir Þjóðleikhúsið**

Hér með gerir STEF, kt. 620269-5739, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt „STEF“ eftirfarandi viðmiðunar- eða rammasamning við Þjóðleikhúsið, kt. 710269-2709, Lindargötu 7, 101 Reykjavík sem hér eftir er nefnt „leikhúsið“ um kjör einstakra tónhofunda (sem eru meðlimir STEFs) þegar leikhúsið semur við þá hvern fyrir sig um gerð frumsamdrar tónlistar við leikverk:

**1. gr. Gildissvið**

Samningur þessi nær til allrar tónlistar sem er sérstaklega samin fyrir leikhúsið að ósk leikhússins og tekur hann jafnt til tónlistar í bakgrunni leikverka og tónlistar í forgrunni svo og til söngleikja, ópera eða annarra verka þar sem tónlist gegnir stóru hlutverki og sem nefnd eru „stórréttindi“. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hversu margir flytjendur eru að viðkomandi verkum eða hvort notast er við upptökur að hluta til eða í heild á leiksýningum.

Samningur þessi gildir ekki um notkun leikhússins á tónlist sem þegar er út gefin á hljóðriti (óskylt uppfærslu leikhússins) og STEF fer með umboð fyrir, enda fá tónhofundar greitt fyrir opinberan flutning slíkrar tónlistar samkvæmt samningi STEFs við einstök leikhús.

Þá gildir samningur þessi ekki heldur um tónverk sem samin hafa verið fyrir aðra aðila en leikhúsið sem er aðili að samningi þessum og hafa verið sérstaklega samin til flutnings við hlutaðeigandi leikverk eða kvíkmyndaverk og er órjúfanlegur hluti þeirra (á þetta einna helst við um söngleiki), þ.e.a.s. til verka sem teljast til „stórréttinda“ hvort sem þau hafa verið gefin út eða ekki. Það sama á við um heildarverk með bæði handriti og meðfylgjandi tónlist sem leikhúsið kaupir til uppsetningar í heild. Vilji samningshafi setja upp slík verk, kaupir hann réttinn til uppsetningar þeirra af hlutaðeigandi rétthöfum, þ.m.t. þeim sem fer með réttinn á tónlistinni.

Rammasamningur þessi nær einnig til textahöfunda að því marki ef tónhofundurinn semur einnig textann við verkið eða ef fenginn er utanaðkomandi textahöfundur til að semja

sérstaklega texta við tónverkið. Séu söngtextar hluti að höfundaverki handritshöfundarins falla þeir ekki undir samning þennan.

Eigi tónhöfundur bæði texta og tónverk, skal greitt sérstaklega fyrir hvorn hlut fyrir sig skv. samningi þessum.

## **2. gr. Notkunarleyfi og einkaréttur**

Þegar tónhöfundur semur tónlist skv. samningi þessum fyrir leikhúsið, öðlast leikhúsið notkunarrétt á tónlistinni fyrir tiltekið leikverk skv. þeim skilmálum sem nánar eru tilgreindir í samningi aðila svo og rammasamningi þessum. Notkunarrétturinn er til staðar svo lengi sem verkið er í höfundaréttarvernd. Sé tónlistin notuð við aðra leikgerð en samið var um við leikskáld í upphafi skal afla samþykkis tónhöfundar fyrir hinni nýju leikgerð.

Höfundur er ávallt eigandi þeirra verka sem um ræðir og hefur frjáls afnot þeirra að öðru leyti en sem snýr að notkun þeirra sem hluta af leikverkinu og upptöku leikverksins

Leikhúsið fær einkarétt á notkun tónlistarinnar í tvö ár frá því að tónlistinni er skilað fullbúinni til að setja upp leikverk með tónlistinni. Að þeim tíma liðnum fellur einkarétturinn niður án sérstakrar tilkynningar og er tónhöfundi frá þeim tíma frjálst að semja við annan aðila um flutning hennar í tengslum við leikverk eða á hvern annan þann hátt sem hann sjálfur kýs.

## **3. gr. Gerð samnings um hvert verk**

Leikhúsið og tónhöfundur skulu gera með sér sérstakan skriflegan samning um tónlist sem tónhöfundi er falið að semja fyrir uppfærslu á leikverki. Í því sambandi geta aðilar stuðst við samningsform í **fylgiskjali 1** við samning þennan.

Allar breytingar á slíkum samningum skulu gerast skriflega og vera undirritaðar af báðum aðilum til að öðlast gildi. Sé um samverk að ræða, þ.e.a.s. að fleiri tónhöfundar séu að tónlistinni skulu þeir koma sér saman um skiptingu ábyrgðar og greiðslna sín á milli.

## **4. gr. Greiðslur**

Neðangreindar greiðslur eru til viðmiðunar þegar leikhúsið gerir samning við tónhöfund um frumsamda tónlist. Leikhúsið skuldbindur sig þó til að gera ekki samninga um lægri greiðslur en hér greinir.

- Fyrir hvert stakt tónverk með eða án söngs skal greiða tónhöfundi að lágmarki **kr. 120.000.**

- Fyrir að semja heildartónlist verksins, fyrir allt að 20 mínútur af tónlist skal greiða tónhofundi að lágmarki kr. **1.000.000**. Inni í þessari fjárhæð eru samskipti við leikstjóra og viðvera á æfingum allt að 32 tímar (u.p.b. 8 æfingar). Sé nauðsynlegt að tónhofundur sé viðstaddir fleiri æfingar eða vinni umfangsmeiri vinnu í tengslum við uppsetningu verksins, gilda ákvæði 5. gr. hér að neðan um slíkt.
- Fyrir enn umfangsmeiri tónsköpun en að ofan greinir skal semja sérstaklega um viðbótargjald.

Ef ekki er um annað samið skal greiða skv. áætlun  $\frac{1}{2}$  ofangreindrar greiðslu við undirskrift samnings og  $\frac{1}{2}$  við skil tónlistar, en þó aldrei síðar en á frumsýningardegi.

Fari miðasala viðkomandi sýningar yfir 10.000 selda miða, skal tónhofundi greidd viðbótareiðsla sem nemur kr. 20.000 á hverja viðbótarsýningu. Fjárhæð þessi skal einnig taka breytingum m.v. lánskjaravísitölu árlega. Þetta á þó einungis við þegar tónskáld á heildartónlist verksins sbr. hér að ofan en ekki stök tónverk.

Ofangreindar fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs fyrir septembermánuð 2018, 456,8 stig og breytist í samræmi við breytingu á þeirri vísitölu eins og hún er ákveðin fyrir janúarmánuð ár hvert, í fyrsta sinn í janúar 2020.

## **5. gr. Önnur vinna tónhofundar**

Ef tónhofundur er beðinn um af leikhúsini að taka þátt í æfingarferli, söngprufum, tónlistarstjórn eða framleiðslu tónlistarinnar eða aðra vinnu sem ekki er sérstaklega samið um í samningi þessum skal tónhofundinum sérstaklega greitt fyrir slíka vinnu. Ef ekki er um annað samið skal kjarasamningur Fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs og Félags íslenskra hljómlistarmanna um þóknun til hljómlistarmanna fyrir hljóðfæraleyk á leiksýningum við æfingar og upptökur í Þjóðleikhúsi gilda um slíka vinnu tónhofundarins.

## **6. Skil tónlistar**

Fullbúin tónlist skal afhent á nótum eða hljóðriti, eins og nánar er kveðið á um í samningi leikhússins við tónhofund.

Skil á fyrstu drögum tónlistar miðast við að hægt sé að halda æfingu hljóðfæraleykara eða söngvara með tónlist, sé um slíkt að ræða í viðkomandi sýningu.

Kostnaður við framleiðslu hljóðrits sem hægt er að nota við æfingar eða við framleiðslu nótina er innifalinn í greiðslu skv. 4. gr.

Ef tónhofundur á að skila fullbúinni upptöku til notkunnar í sýningunni sjálfri skal leikhúsið og tónhofundurinn semja um fyrirfram hvort þurfi að kalla til hljóðfæraleykara til að spila inn á upptökuna og hverjir þeir skuli þá vera. Greiðir leikhúsið slíkum hljóðfæraleykurum

fyrir þeirra vinnu í samræmi við ofangreindan kjarasamning um vinnu í Þjóðleikhúsínu. Leiki tónhöfundurinn sjálfur inn á öll þau hljóðfæri sem til þarf skal hann ennfremur fá greitt á sama hátt fyrir sína vinnu sem hljóðfæraleykari.

Sé tónlistinni hafnað fullbúinni af hálfu leikhúsínu, heldur tónhöfundur þeim greiðslum sem þegar hafa verið inntar af hendi. Hafni leikhúsið tónlistinni skal hann tilkynna höfundi um það skriflega, innan tveggja mánaða frá skilum fullbúinna tónlistar. Við höfnun tónlistar falla niður allar heimildir leikhúsínu til flutnings og/eða útgáfu tónlistarinnar.

## **7. gr. Nafngreining**

Á endanlegri útgáfu tónlistarinnar bæði í nótnaformi og á hljóðritum eða myndritum, ef um slíkt er að ræða, skal koma fram að um sé að ræða tónlist sem frumsamin er fyrir leikhúsið. Í efnisskrá og kynningarrefni skal ennfremur koma fram nafn tónhöfundar svo og við flutning tónlistarinnar eða birtingu í öðru formi eftir því sem við á.

## **8. Framsal réttinda**

Leikhúsið getur ekki framselt rétt sinn og skyldur samkvæmt samningi við tónhöfund nema með skriflegu samþykki tónhöfundarins. Ekki skal slíkri beiðni synjað án málefnalegra raka.

## **9. gr. Endurupptaka**

Það telst vera endurupptaka þegar sama leikgerð er sett upp að nýju eftir meira en tveggja ára hlé. Fyrir endurupptöku skal greiða tónhöfundi 50% af upphaflegri greiðslu uppreiknaðri skv. neysluvísitölu.

## **10. gr. Útgáfa verks og framleiðsla á myndefni**

Leikhúsið skal sérstaklega semja við tónhöfund um heimild til að gefa út verkið í formi hljóðrits.

Skal leikhúsið greiða höfundaréttargreiðslur af útgáfu hljóðrita skv. leyfi NCB. Sé ekki um útgáfu í föstu formi að ræða skal leikhúsið einungis dreifa verkinu á lögglegum veitum. Skal leikhúsið þá um leið taka að sér skyldur útgefanda gagnvart flytjendum á hljóðritinu.

Á sama hátt skal leikhúsið semja sérstaklega við tónhöfund um heimild til framleiðslu myndrits hvort sem það er ætlað til útgáfu eða til sýningar í sjónvarpi eða öðrum miðlum.

Leikhúsinu er þó heimilt að senda út beint eða framleiða myndrit eða hljóðbrot með tónlistinni til kynningar á leikverkinu án sérstaks samkomulags.

## 11. Upplýsingaskylda og samráð

Meðan á vinnu tónhöfundar stendur við verkið, skal það vera í reglulegu sambandi við leikhúsinu og upplýsa hann um framgang verksins. Að sama skapi skal leikhúsið upplýsa tónhöfund um uppsetningu verksins og leyfa tónhöfundi að vera viðstatt æfingar óski tónhöfundurinn þess. Hefur tónhöfundur þá rétt til umsagnar um verkið, en ekki er leikstjóra skylt að fylgja slíkum leiðbeiningum.

## 12. gr. Ágreiningur

Deilur sem upp kunna að koma um efndir, framkvæmd eða túlkun samnings milli tónhöfundar og leikhúsinu skal fyrst reynt að leysa milli viðkomandi aðila og ef slíkt ekki tekst innan tveggja mánaðar þá milli aðila samnings þessa. Komi til kasta dómstóla vegna slíks ágreinings skal varnarþing aðila vera hjá héraðsdómi Reykjavíkur.


## 13. gr. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningur þessi gildir til 31. desember 2020 og framlengist um eitt ár í senn nema honum hafi verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við áramót af öðrum hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta:


Reykjavík, 18.09.2019

f.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir framkv.stj.

F.h. Þjóðleikhússins



Ari Matthíasson, framkv.stj.

**Fylgiskjal 1**  
**Samningur milli tónhofundar og Þjóðleikhússins um frumsamda tónlist**

Samningur þessi er á milli ..... , hér eftir nefn/nefndur tónhofundur og leikhússins.

Nánari upplýsingar um tónhofund:

kt.: .....

Heimilisfang: .....

Bankaupplýsingar: .....

Tónhofundur greiðir sjálfur skatta og önnur opinber gjöld af greiðslum skv. samningi þessum, enda er hér um að ræða verktakasamnings sem skapar ekki launþegasamband milli aðila.

### **1. gr. Pöntun tónlistar**

Leikhúsið pantar hér með eftirfarandi frumsamda tónlist frá tónhofundi:

.....

Nánari lýsing: .....

til að nota við leikverkið: ..... sem  
ætlunin er að setja upp við leikhúsið á leikárinu .....

### **2. gr. Skil tónlistar**

Fyrstu drögum af tónlistinni skal skilað í síðasta lagi til leikhússins þann ..... .

Fullbúinni tónlist skal skilað til leikhússins á þeim tíma sem leikstjóri ákveður, en í síðasta lagi þann .....

Tónlistinni skal skilað á eftirfarandi formi:

.....

.....

Greiðslur vegna útsetninga tónhofundar sem nauðsynlegar eru til að geta skilað tónlistinni fullbúinni í því formi sem tilgreint er í samningi aðila, eru innifaldar í greiðslum skv. 3. gr.

Óski leikhúsið síðar eftir frekari útsetningarvinnu en tilgreind er í 2. gr. samnings þessa, skal greiða tónhofundi aukalega fyrir slíka vinnu á sama hátt og greitt er fyrir aðra vinnu

tónhöfundar skv. 6. gr. Skal tónhöfundur eiga forgang að slíkri vinnu áður en leikhúsið býður hana öðrum útsetjara.

### 3. gr. Greiðsla

Fyrir verkefnið greiðir leikhúsið:

- við undirskrift samnings þessa kr. (½ fjárhæðar)
- við skil fullbúinnar tónlistar kr. (½ fjárhæðar)

### 4. gr. Önnur vinna

Ef tónhöfundi er ætlað að taka að sér vinnu er tengist t.d. æfingaferli eða framleiðslu tónlistar í verkinu s.s. vegna upptöku, hljóðfæraleiks eða tónlistarstjórnar, skal nánari lýsing á þeirri vinnu koma fram hér:

.....  
.....  
.....

Fyrir slíka vinnu skal greitt skv. kjarasamningi Fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs og Félags íslenskra Hljómlistarmanna um þóknun til hljómlistarmanna fyrir hljóðfæraleik á leiksýningum við æfingar og upptökur í Þjóðleikhúsi, skv. framlagðri tímaskrá tónhöfundar.

Að öðru leyti en hér greinir skal samningur STEFs og Þjóðleikhússins um frumsamda tónlist gilda.

Staður og dagsetning:

Tónhöfundur

F.h. Þjóðleikhússins

BRB  
MM

